

3. Búnaðarsamband Norður – Þingeyinga

Aðalfundargerð 2010

Aðalfundur haldinn á Kópaskeri 17. mars 2011.

Formaður Einar Ófeigur setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á Rúnari á Hóli sem fundarstjóra og að Soffía í Garði riti fundargerð, var þetta samþykkt.

Rúnar tók við fundarstjórn og gaf formanni orðið.

1. Skýrsla stjórnar og reikningar – Einar Ófeigur Björnsson

Formaður fór yfir starf síðasta árs og reikninga. Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga. Gunnlaugur spurði hvort hafi komið til tals að lækka verð á nýjustu útgáfu af „Land og fólk.“ Formaður sagði þetta mál á hendi Þórarins í Vogum, en hugsanlega væri rétt að taka verð á henni til endurskoðunar. Björn spyr hvort ekki hafi komið til tals að færa innistæður úr Landsbanka þar sem hann hefur hætt þjónustu á okkar svæði. Jóhannes tók til máls um gæsa- og álfapláguna. Hann telur að komið sé að því að hlustað verði á okkur með þetta mál. Hvetur hann menn til að sækja um leyfi til að skjóta gæs á ræktarlandi í vor, það er utan leyfilegs veiðtíma. Einnig að fá Búgarð til að gera rannsókn á þeim skaða sem þessir fuglar valda. Ekki hefur komið til tals að færa sig milli banka. Reikningum síðan vísað í fjárhagsnefnd.

2. Kjörbréfanefnd skipuð

Marinó Jóhannsson Tunguseli, Sigurður Yngvason Tóvegg og Jón Þór Guðmundsson Leirhöfn.

3. Álit kjörbréfanefndar

Búnaðarfélag Öxfirðinga: Sigþór Þórarinsson, Jón Halldór Guðmundsson.

Búnaðarfélag Presthólahrepps: Sigurður Árnason, Björn Halldórsson og Jón Þór Guðmundsson.

Búnaðarfélag Þistilfjarðar: Soffía Björgvinsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson og Axel Jóhannesson.

Búnaðarfélag Langnesinga: Gunnlaugur Ólafsson og Marinó Jóhannsson.

Búnaðarfélag Keldhverfinga: Jón Guðmundsson, Rúnar Tryggvason og Sigurður Yngvason.

Fulltrúi Sauðfjábændadeildar: Gunnar Guðmundarson.

4. Fundinum skipt upp í nefndir

Fjárhagsnefnd: Axel Jóhannsson, Björn Halldórsson, Marinó Jóhannsson, Rúnar Tryggvason, Sigurður Yngvason, Jón Halldór Guðmundsson, Jón Þór Guðmundsson.

Allsherjarnefnd: Soffía Björgvinsdóttir, Gunnlaugur Ólafsson, Sigurður Árnason, Jón Guðmundsson, Gunnar Guðmundarson, Sigurður Þór Guðmundsson, Sigþór Þórarinsson.

5. Mál lögð fyrir fundinn

Formaður úthlutaði málum til nefnda sem tóku svo til starfa.

Álit fjárhagsnefndar:

Aðalfundur BSNÞ haldinn á Kópaskeri 17.3.2011 samþykkir að BSNÞ styrki Fræðasetur um forustufé um kr. 250.000.-

Tillaga samþykkt samhljóða.

Aðalfundur BSNÞ haldinn á Kópaskeri 17.3.2011 samþykkir að gert verði átak í að selja bókina „Land og fólk“ sem töluvert er til af á lager. Nýja bókinn verði t.d. seld á kr. 4.000.- og eldri og yngri bókin saman í pakka á kr. 5.000.-

Tillaga samþykkt.

Aðalfundur BSNÞ haldinn á Kópaskeri 17.3.2011 samþykkir að þóknun formanns verði kr. 130.000.- á ári. Þóknun vegna stjórnarfundu kr. 10.000.- á fund pr. mann og stjórn fái heimild til að hækka þóknun fulltrúa á L.S. fundi. Árgjöld til BSNÞ verði óbreytt milli ára.

Tillaga samþykkt.

Aðalfundur BSNÞ haldinn á Kópaskeri 17.3.2011 samþykkir reikninga vegna ársins 2010 með fyrirvara um uppáskrift endurskoðanda.

Samþykkt samhljóða.

Álit Allsherjarnefndar.

Aðalfundur BSNÞ haldinn á Kópaskeri 17.3.2011 samþykkir samstarfssamning BSE, BSSÞ og BSNÞ dags. 31.12.2010 um ráðgjafabjónustu þar sem gjaldið er 90% af búnaðargjaldi.

Tillaga samþykkt.

Aðalfundur BSNÞ haldinn á Kópaskeri 17.3.2011 tekur undir það að Hrútagurinn er mikilvægur þáttur fyrir héraðið. Aðalfundurinn skorar á aðstandendur Hrútagagsins að halda honum áfram og hvetur bændur til að standa saman um hann þannig að hann geti dafnað.

Tillaga samþykkt.

Aðalfundur BSNÞ haldinn á Kópaskeri 17.3.2011 beinir því til Búgarðs að setja af stað í vor svæðisbundna rannsókn til að sannreyna tjón af völdum ágangs gæsa og álfta á ræktarlandi bænda. Hugsanlegt er að rannsóknin verði styrkhæf úr Veiðikortasjóði. Jafnframt hvetur fundurinn bændur til að sækja um leyfi til að skjóta gæsir í ræktarlandi utan veiðitíma.

Tillagan samþykkt.

6. Kosningar

Formaður og skoðunarmenn:

Formaður til þriggja ára: Einar Ófeigur Björnsson endurkjörinn með öllum greiddum atkvæðum.

Varamaður til eins árs: Sigurður Þór Guðmundsson, endurkjörinn.

Endurskoðandi til eins árs: Gunnar Páll Ólason, endurkjörinn.

7. Önnur mál

Marínó spurði hvort ekki væri rétt að halda Búnaðarþing í apríl. Því var svarað til að þetta hefur verið rétt í félagsmálanefnd á Búnaðarþingi, en ekki var tekin þá nein ákvörðun um að breyta fundartíma.

Gunnar Guðmundarson vakti máls á að koma þurfi betur á framfæri þeim viðurkenningum sem er verið að veita á búnaðarsambandsvæðinu. Koma meira fram í fjölmiðlum til að minna á okkur og það sem framleitt er hér. Jóhannes sagði að kynning sú sem var í Fjarðarkaupum í vor hafi verið vel heppnuð og til eftirbreytni.

Spurt var hvort einhver breyting hafi orðið varðandi ásókn í rjúpnaveiðar og vísað þar í fund sem haldinn var síðastliðið haust. Lítið var um svör. Veður og færð hafði áhrif í haust þannig að menn komust ekki upp á heiðar eins og undanfarin haust.

Einar þakkaði það traust sem honum var sýnt í formannskjöri.

Aðalfundur Sauðfjárnabændadeildar BSNÞ

Haldinn á Kópaskeri 17. mars 2011.

Formaður setti fund í framhaldi af aðalfundi BSNÞ og bauð gesti fundarins, Sigurð Eyþórsson, Guðfinnu Hörpu Árnadóttur, Þórarinn Pétursson og aðra fundarmenn velkomna. Byrjaði fundurinn með því að sýnt var myndband um horfur og sýn á landbúnað sem sýnt var í upphafi Búnaðarþings.

1. Erindi gesta - Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri L.S.

Fjallaði hann fyrst um sölumál, frá árinu 2000 hafa birgðir lambakjöts aldrei verið minni. Verðmæti kindakjötsútflutnings 2010, alls kr. 2.263 miljónir. Meðalverð 538.-kr/kg. Verðmæti útfluttra sauðfjárafurða milli árana 2009-2010 hefur hækkað um 1 milljarð. Tók hann nokkur dæmi um verðþróun á landbúnaðarafurðum.

Verkefni L.S. hafa verið meðal annars markaðsmál, framleiddur var kynningarbæklingur og rekinn grillvagn sem farið var með á milli verslana vegna kynninga. Nefndi ullarmatnámskeið, fundaðerðir, heimsóknir til sláturleyfishafa, samskipti við MAST o.fl.

Horfur eru á áframhaldandi eftirspurn eftir dillakjötsafurðum og hækkandi verði erlendis. Gengið skiptir miklu máli. Innanlandsmarkaður stendur í stað. Styrkja þarf erlendu markaðina. Merkja þarf íslenska framleiðslu betur þannig að neytendur viti að þeir eru að kaupa íslenskt. Nýta þarf framleiðslugetuna betur. Aðalfundur L.S. verður 7.-8. apríl.

Endaði hann sitt mál með því að leggja fyrir fundinn nokkrar spurningar.

- Er raunhæft að markaðsfæra 45% af heildarframleiðslunni erlendis ?
- Hvað er hægt að auka framleiðsluna mikið án verulegra fjárfestinga ?
- Er mögulegt að 2-3 rekstraraðilar sjái um alla slátrun ?
- Hvernig er best að auka neyslu ungs fólks á lambakjöti ?
- Á að auka vægi framleiðslutengds stuðnings við kjötframleiðslu ?
- Hvert er stærsta tækifærið til að auka arðsemi búanna ?

Sköpuðust um þetta all nokkrar umræður. Sigurði var síðan þakkað erindið.

Opnað var á fyrirspurnir. Komu nokkrar fyrirspurnir t.d. um samskipti við Matvælastofnun, nýtingu á nýliðunarstyrkjum, gætur og nýtingu á ull af þeim. Fram kom að niðurgreiðslur á ull eru bara á ull af líffé, þannig að ef breyta á því þarf það að koma í næsta sauðfjársamningi. Til að auka arðsemi búanna þarf t.d. að minnka vanhöld lamba. Kom fram að samskipti við MAST geta verið nokkuð þung. Nýliðunarstyrkir hafa ekki gengið út undanfarin ár, en nú er útlit fyrir að breyting verði á því og að þeir gangi út.

2. Erindi gesta – Guðfinna Harpa Árnadóttir, ráðunautur BSA

Kynning á Sauðfjárnærktarskóla Búnaðarsambands Austurlands. Tilgangur hans er að ráðunautar komist í betri tengsl við bændur og nái heildstætt til þeirra. Kenna þarf bændum að greina sinn rekstur sjálfir, styrkja það sem gott er og laga það sem lakara er. Kenna þeim að hagnýta sér Fjávís.is og Jörð.is og þannig bæta sinn rekstur. Í skólanum er farið í þætti svo sem vinnuhagræðingu, fóðurkostnað, fóðuröflun, og fóðurgæði,

fóðrun sauðfjár á ýmsum tímum ársins, byggingareglugerð, gólfgerðir, gjafafyrirkomulag, líflambaval, hrútaval o. fl.

Þó nokkrar spurningar komu til Guðfinnu. Sýndu menn áhuga á þessu verkefni. Guðfinnu síðan þakkað stórgott erindi.

3. Kosningar

Fulltrúar á aðalfund L.S. og aðalfund BSNÞ:

Fulltrúar á aðalfund L.S.: Kosnir voru Einar Ó. Björnsson með 15 atkvæði, Sigurður Þór Guðmundsson með 7 atkvæði. Til vara Soffía Björgvinsdóttir með 15 atkvæði og Sigurður Árnason með 10 atkvæði.

Fulltrúi Sauðfjorbændadeildar á aðalfund BSNÞ 2012: Aðalmaður kosinn Gunnar Guðmundarson, til vara Soffía Björgvinsdóttir.

4. Önnur mál

Tillaga a)

Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu: „Aðalfundur sauðfjorbændadeildar BSNÞ lýsir yfir fullum stuðningi við ESB tillögu sem samþykkt var á síðasta Búnaðarþingi, þar sem ítrekuð er andstaða við aðild að ESB. Fundurinn telur að upplýsingaöflun Bændasamtakanna og úrvinnsla þeirra upplýsinga hafi verið mjög vönduð og málefnaleg. Fundurinn telur að þrátt fyrir að hugsanlegt sé að sauðfjorbúskapur á Íslandi standi af sér að Ísland gangi í ESB sé ljóst að landbúnaðurinn í heild fari mjög illa út úr aðild að ESB. Það er því alger nauðsyn að koma fram sem ein heild í þessu máli, enda til lítills að sauðfjorbændur standi einir eftir ef búið er að rústa öllum öðrum landbúnaði og úrvinnslu afurða í landinu.”

Um þessa tillögu spunnust talsverðar umræður. Gunnar Guðmundarson sagði það ekki rétt að hafna því sem við vitum ekki hvað er. Losna þurfi við krónuna.

Sigurður Þór telur að komið sé að því að taka afstöðu, viljum við vera með eða á móti inngöngu í ESB.

Gunnlaugur hefur alltaf verið andvígur aðild, hann sér ekki hagnaðinn í aðild. Ísland komi ekki til með að hafa áhrif þar inni. Verði endalok okkar sem þjóðar ef þar er farið inn.

Rúnar Þórarinnsson er andvígur aðild. Setur þó spurningarmerki við framgöngu BÍ sem hagsmunasamtök bænda þar sem þeir ætla ekki að vera með og ekki hafa neitt um niðurstöðuna að segja.

Rúnar Tryggvason andvígur aðild, en ekki samþykkur því að draga umsóknina til baka heldur klára og sjá hvað verður í boði. Setur spurningu við framgöngu BÍ.

Einar Ófeigur ítrekar að hann muni aldrei samþykkja það að ganga þarna inn.

Jóhannes sagði að í upphafi voru fulltrúar BÍ inni í samninganefndum til að hafa áhrif. Síðasta Búnaðarþing 2010 setti fram mjög skýrar varnarlínur. Best sé að klára þetta samningaferli og kolfella samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Rúnar Þórarinnsson segist skilja afstöðu BÍ, rétt þó að klára ferlið.

Gunnar Guðmundarson vitnar í Finna, breytingin varð mest þegar tekin var upp evra, þá fóru áætlanir að standast.

Tillagan síðan borin upp til atkvæða og samþykkt með 13 atkvæðum.

Tillaga b)

Sigurður Þór lagði fram tillögu sem kom fram á aðalfundi Landgræðslufélags Svalbarðshrepps: „Sauðfjorbændur í N.-Þing. lýsa yfir vonbrigðum sínum að Landgræðslan hafi ekki staðið við fyrirheit sín um að efla Landbótasjóð við það að L.S.

greiði í hann núna 5 milljónir á ári, heldur hafi leyft sér að skerða eigið framlag um sömu upphæð.”

Tillagan samþykkt.

Tillaga c)

Sigurður Þór vakti athygli manna á að það vanti rannsóknir á heilbrigði sauðfjár, og lagði fram svohljóðandi tillögu: „Sauðfjárþændur í N.-Þing. skora á stjórn L.S. að beita sér fyrir því að rannsóknir og þróun á sviði heilbrigðismála sauðfjár verði efl. Ekki verður búið við það til langframa að litlar sem engar rannsóknir séu stundaðar á þessu sviði.”

Jón Halldór sagðist vita til að Þorsteinn Ólafsson dýralæknir væri enn að vinna á móti okkur í líflambasölu og að hann ráðleggi mönnum að kaupa ekki fé af okkur.

Gunnar Guðmundarson segist gefa lömbum ormalyf að vori og finnur hann mikinn mun á hvað líflömb hósta minna að vetri.

Tillaga Sigurðar Þórs síðan samþykkt samhljóða.

Umræður í lok fundar

María Svanþrúður spurði Öxfirðinga eftir niðurstöðu úr athugun á hvaða afslátt dýralæknar eru tilbúnir að veita á magnkaup lyfja. Ekki voru miklir afslættir í boði.

Jóhannes spurði um megin niðurstöður lyfjaskýslu sem unnin var í fyrra. Sigurður Eyþórsson var til svara en hann var í hópi sem vann þessa skýrslu. Skrá þurfi öll lyf og ýmsar leiðir aðrar eru til að lækka verð á lyfjum.

Sigurður Árnason spurði hvort þændur geti keypt lyf beint frá útlöndum. Sigurður Eyþórsson telur að ef lyfin eru skráð hér komi það til greina, en koma þurfi til leyfi yfirdýralæknis.

Þórarinn Pétursson, Grýtubakka segir að þeir hafi ætlað að prófa að flytja inn lyf en hafi verið stoppaðir af vegna þess að þeir voru ekki með uppáskrift dýralæknis.

Jóhannes hefur talað við dýralækni um þessi mál. Lausnin væri hugsanlega sú að dýralæknar geti pantað beint að utan hver og einn.

Fleira kom ekki fram, þakkaði formaður mönnum fundarsetuna og sleit fundi.

Skýrsla stjórnar á aðalfundi BSNÞ

Einar Ófeigur Björnsson f.h. stjórnar – flutt á aðalfundi 2011.

Einn formlegur stjórnarfundur var haldinn á árinu en önnur samskipti stjórnar hafa farið fram í gegnum síma og tölvupóst. Helstu verkefni ársins voru:

BSNÞ sá um að útvega stað fyrir ullarmatsnámskeið sem haldið var í byrjun nóvember á vegum Landsamtaka sauðfjárþænda. Námskeiðið var haldið í Laxárdal og sóttu það fast að tuttugu mans.

Við héldum fund um skipulag rjúpnaveiði þar sem Daði Lange kom og sagði mönnum frá skipulagi á þeim málum í Mývatnssveit. Þessi fundur var haldinn í framhaldi af samþykkt tillögu um þetta efni á aðalfundi í fyrra.

Varðandi tillögu um kaup á fjárvogum sem einnig var samþykkt þá var unnið í því að koma á sambandi formanna fjárræktarfélaganna um málið og hygg ég að það hafið verið kannaður vilji manna til að kaupa vogir en ekki orðið úr kaupum í þetta sinn. Hugsanlegt er að taka upp þráðinn aftur nú og þá nógu tímanlega til að ná að vinna málið fyrir haustið.

Heimöx var greiddur styrkur kr. 250.000.- í samræmi við samþykkt aðalfundar 2010.

Samstarf um leiðbeiningaþjónustu var með sama hætti og verið hefur síðustu ár. Þó gerðist það að Eyfirðingar sögðu upp samstarfssamningi um leiðbeiningaþjónustu. Niðurstaða þess máls varð sú að gerður var nýr samningur um það að hér eftir rynni 90%

af búnaðargjaldi BSNÞ til Búgarðs. Ljóst var þegar leið á í þessu samningaferli að ekki tækist að ná hagstæðari samningum fyrir okkar hönd. Formaður skrifaði undir nýjan samning á þessum nótum með fyrirvara um samþykki aðalfundar og liggur þessi samningur hér fyrir í dag.

Hefðbundin fundahöld voru á árinu svo sem formannafundir og kynningarfundur um sæðingahrúta sem nú var einungis einn á svæðinu enda eru samgöngur nú með öðrum brag en verið hefur. Þorsteinshrútinn hlutu ábúendur á Hagalandi og var hann að venju afhentur á hrútakynningarfundum Sæðingastöðvanna. Formaður BSNÞ starfaði í nefnd á vegum Bændasamtaka Íslands um búnaðargjald og er ljóst að það styttist í einhverjar breytingar þar enda lagalegur grundvöllur gjaldsins ekki nógu tryggur eftir tvo dóma sem féllu á síðasta ári. Einnig er nú meiri þrýstingur á uppstokkun á leiðbeiningaþjónustunni og félagskerfinu en verið hefur.

Síðast en ekki síst skal dregið á skemmti- og fræðsluferð sem farin var á vegum BSNÞ á Norðvesturland síðustu helgi febrúarmáðar 2011. Í ferðinni var 31 bóndi af svæðinu og heimsóttir voru 9 bæir og ein bjórverksmiðja. Ferðin lukkaðist vel og var af henni bæði gagn og gaman fyrir þátttakendur. BSNÞ sendi gestgjöfum okkar eintak af bókinni „Land og Fólki“ í þakklætisskyni fyrir frábærar móttökur sem við fengum í þessari ferð.

Að lokum þakkar stjórn bændum og búaliði á Norðausturlandi samstarfið og samskiptin á liðnu starfsári.

Reikningar BSNÞ 2010

Rekstrarreikningur

	Tekjur 2010	Gjöld 2010	Tekjur 2009	Gjöld 2009
Búnaðargjald	2.170.009		2.922.670	
Hlutur BSE í bún.gjaldi		1.736.006		2.338.136
Lambadauðaverkefni			622.000	881.396
Félagsgjöld	281.500		280.000	
Styrkur Heimöx		250.000		
Kostun fulltrúa á aðalf.L.S.		60.000		60.000
Ferðakostnaður á fundi		69.897		161.360
Kostnaður stjórnar		30.000		45.000
Þóknun formanns		120.000		120.000
Fundakostnaður		5.640		81.600
Póstur, endurskoðun		5.000		11.917
Vaxtatekjur	422.345		936.284	
Fjármagnstekjuskattur		73.911		113.035
Hagnaður ársins		523.400		948.510
	2.873.854	2.873.854	4.760.954	4.760.954

Efnahagsreikningur

	Eignir 2010	Skuldir 2010	Eignir 2009	Skuldir 2009
Landsbankinn landsbók	7.873.370		7.287.961	
Landsbankinn ávísanar.	157.238		187.954	
Aðildarfélag	94.000		97.000	
Lán til Önnu Sandfelli	316.688		373.180	
Hlutfé í Fjallalambi	15.370.870		15.370.870	
Hlutfé í Fjallal., yfirverð	333.334		333.334	
Hlutfé í Möðruvöllum ehf.	100.000		100.000	
Skuld v/Gunnlaugur Ólafsson		2.000		2.000
Skuld við BSE				38.200
Eign í árslok		24.243.500		23.720.099
	24.245.500	24.245.500	23.760.299	23.760.299
Eignir 1.1.	23.720.100		22.771.590	
Hagnaður ársins	523.400		948.510	
Eignir 31.12.		24.243.500		23.720.100
	24.243.500	24.243.500	23.720.100	23.720.100